



Borgarráð

Tillaga borgarrásfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringar á lóð frístundaheimilisins Stjörnulands við Ingunnarskóla - umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar

Á fundi borgarráðs 11. maí sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringar á lóð frístundaheimilisins Stjörnulands við Ingunnarskóla:

„Lagt er til að lóð frístundaheimilisins Stjörnulands við Ingunnarskóla verði lagfærð og fegruð sem fyrst. Ástand lóðarinnar er allsendis óviðunandi en þar er opið grassvæði og moldarsvað sem verður að aurbleytu í rigningum. Afmarka þarf leiksvæði fyrir frístundaheimilið og koma þar fyrir leiktækjum.“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Frístundaheimilið Stjörnuland við Kirkjustétt 2-6 er í leiguhúsnæði sem ekki er í eigu borgarinnar. Áður hefur verið farið fram á úrbætur á lóðinni en tillögur um slíkt verið fálega tekið af sumum eigendum húsnæðis með eignarhald á lóðinni. Í ljósi breytts eignarhalds að Kirkjustétt 2-6 hefur afstaða eigenda um ástand lóðarinnar breyst og eigendur nú jákvæðir á lagfæringar á lóðinni. Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar eru í viðræðum við eiganda húsnæðis Stjörnulands um mögulegar úrbætur á svæðinu.

Hrólfur Jónsson